



Garðsárlaug, Öngulsstaðahreppi,
Eyjafjarðarsýslu

Ásgrímur Guðmundsson, Sigmundur Einarsson

Greinargerð ÁG-SE-80/02

GARÐSÁRLAUG, ÖNGULSTAÐAHREPPI, EYJAFJ.SÝSLU.

Garðsárlaus er í gili Þverár ytri í svonefndum Laugarhvammi, um 400 m SSV af bænum Garðsá. Laugin var skoðuð 1. júlí 1978. Hiti í lauginni mældist 18,1°C og rennsli 0,18 l/s.

Eldri mælingar:

heimild	hiti °C	rennsli l/s	ár
Þorkell Þorkelsson (1920)	19,7	-	1910
Barth (1950)	ca. 20	-	(1937)
Jón Sólmundsson	✓ 19,4	-	1959

Aðallaugin kemur úr sprungu í bergi undir háum bakka, uppi á gilbarminum. Önnur laug er ofaní gilinu og hafði þar áður mælst 12°C hiti (Axel Björnsson o. fl. 1978). Vatnið seytlar út úr sprungu í klettaveggnum. Þann 1. júlí var brotið frá sprungunni og jókst rennslið þá lítillega. Hiti mældist 20,5°C og rennsli 0,05 l/s. Útfellingar eru áberandi í sprungunni.

Þykkur gangur eést niðri í gilinu (sbr. mynd). Gangurinn er um 10 m þykkur, stefna N10°A og hallinn er 80-82° til vesturs frá láréttu. Austan megin í ganginum eru áberandi útfellingar í lóðréttum sprungum.

TILVIÐNANIR:

Axel Björnsson o. fl. 1979: Hitaveita Akureyrar. Rannsókn jarðhita í Eyjafirði, áfangaskýrsla ágúst 1978. Orkustofnun OS-JHD-7827.

Barth, T. F. W. 1950: Volcanic geology, hot springs and geysers of Iceland. Carnegie Inst. Washington. 174 s.

Jón Sólmundsson: Dagbók frá 1959, í vörslu Orkustofnunar.

Þorkell Þorkelsson 1920: Undersøgelse af nogle varme kilder paa Nordisland. Kgl. Dansk Videnskab. Selskab. Matem.-fysiske Medd. II, 1, 30 s.



Garðsárlaug, afstöðumynd

